

Alþingi
Erindi nr. P 135/827
komudagur 6.12.2007

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 5. desember 2007

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (230. mál)

Visað er til umsagnarbeiðni nefndarinnar. Mikilvægt er fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að öll löggjöf og reglur um reikningsskil séu í takt við alþjóðakröfur. Frumvarpið miðar að því marki, þ.e. að fylgt verði eftir auknum kröfum um gagnsæi reikningsskila.

SFF fylgjast vel með alþjóðaðróun á þessu sviði í gegnum aðild sína að Evrópsku bankasamtökunum. Evrópskir bankar hafa sýnt skilning á auknum kröfum á sviði reikningsskila, en lagt áherslu á mikilvægi þess að ekki sé gengið of langt í að íþyngja viðskiptalífínu þannig að dragi úr framleiðni.

SFF styðja almennt þær breytingar sem frumvarpið ráðgerir og telja mikilvægt að þær verði lögfestar fyrir áramót. SFF vilja þó benda nefndinni á nokkur atriði sem þarfnast skoðunar.


Í 5. gr. frumvarpsins, a- og b-lið, (nýrri 66. gr. a og b laganna), er talað um skýrslu stjórnar. Hér er alls ekki einsýnt með tilliti til tilskipunarinnar að vísa til skýrslu stjórnar. Reyndar virðist ekki full samsvörun milli þeirra leiða sem nágrannaríkin fara í þessum efnunum. Hér mætti færa rök fyrir því að eðlilegra sé að tala um ársskýrslu, en ekki skýrslu stjórnar. Það er líka í meira samræmi við m.a. orðanotkun í öðrum lögum sem snerta fjármálamarkaðinn.

Í 11. gr. frumvarpsins, b-lið, er lagt til að Ársreikningaskrá sé heimilt að birta opinberlega upplýsingar um kröfu sína um breytingu á reikningsskilum. Þetta er vandmeðfarið vald, enda ljóst að slík opinber birting er til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á verð viðkomandi bréfa og gæti orðið skaðleg fyrir markaðinn í heild sinni ef misræmi er í upplýsingum á opnunartíma markaðar.

Jafnframt er í b-lið 11. gr. frumvarpsins lagt til að Ársreikningaskrá geti óskað eftir því að kauphöll stöðvi viðskipti með skráð verðbréf þar til fullnægjandi reikningsskil/viðbótarupplýsingar hafa verið birtar að mati ársreikningaskrár. Stöðvun viðskipta er eitt harðasta úrræði sem hægt er að grípa til. Í dag eru það einvörðungu FME og Kauphöll á grundvelli heimildar FME sem hafa heimild til að stöðva viðskipti. Það verður að fara mjög varlega í að fara að fela enn öðru stjórnvaldi þessi völd. Eðlilegra er að Ársreikningaskrá verði heimilað til að koma með ábendingar til Kauphallar/Fjármálaeftirlits um að tilefni geti verið til að stöðva viðskipti, en endanleg ákvörðun þar um lægi hjá Kauphöllinni.

Loks verður ekki betur séð en hin eiginlega gildistaka komi skýrar fram í athugasemdum við 18. gr. en í gildistökuákvæði frumvarpsins sjálfs.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri